

## Kílómetragjald

Breytingar á skattmati í staðgreiðslu frá 1. júlí 2001

### Kílómetragjald

Ríkisskattstjóri hefur breytt mati sínu á hámarki frádráttar á móti ökutækjastyrk og tók sú breyting gildi frá og með 1. júlí 2001. Eru fjárhæðir þessar nú:

<b>Almennt kílómetragjald</b>	<b>kr. 52,00</b>
<b>Sérstakt gjald</b>	<b>kr. 59,80</b>
<b>Torfærugjald</b>	<b>kr. 75,40</b>

Nánari upplýsingar er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

### Takmörkuð afnot bifreiða

Hlunnindi vegna takmarkaðra afnota af bifreið í eigu launagreiðanda verða metin kr. 52,00 pr. km.

## Breytingar á staðgreiðslureglum frá 1. júlí

Fækkun undanþága. Hækkun ýmissa fjárhæða.

Með reglugerð nr. 500/2001 sem tók gildi 1. júlí 2001 voru gerðar ýmsar breytingar á þeim reglum sem gilda um hvaða greiðslum megji halda utan staðgreiðslu.

Eldri undanþágur voru taldar upp í 27 tölulíðum. Þeim hefur nú verið fækkað í 15.

Breytingin nú varðar meðal annars niðurfellingu á undanþágu frá staðgreiðslu þegar **hlutabréf á undirverði** eru afhent starfsmanni sem vinnulaun.

Aðallega tekur afnám undanþáganna þó til ýmissa útborgana Tryggingastofnunar, váttrygginga-félaga, verkályðsfélaga og elliheimila. Verða allar greiðslur **sjúkra- og slysdagpeninga, vasa-peninga, sjúkrabóta og verkfallsstyrkja** staðgreiðsluskyldar frá 1. júlí 2001. Sama gildir og um launagreiðslur frá elliheimilum til vistmanna fyrir störf sem unnin eru í endurhæfingarskyni.

Ástæða þessara breytinga er sú helst að þiggjendur þessara greiðslna, sem í flestum tilvikum eru tekjulágir einstaklingar, hafa kvartað yfir því að óeðlilegt og óheppilegt sé að þeir þurfi að greiða í ágúst-desember á hverju ári allt að tugum þúsunda við álagningu skatta. Ekki hefur verið tekin staðgreiðsla af ofangreindum greiðslum og því hafa þeir þurft að gera ráð fyrir að gjalda skatt af greiðslunum í ágúst ár hvert. Í sumum tilvikum hefur fólk ekki gert ráð fyrir því og lent af þeim sökum í töliverðum vandræðum.

Notkun persónuafsláttar og skattkorta verður með venjulegum hætti þ.e. þeir sem fá þessar greiðslur koma skattkortum til hlutaðeigandi greiðenda.

Með reglugerðinni eru einnig ýmsar grunnfjárhæðir endurskoðaðar. Er þar um að ræða hámark sem við eiga þegar halda má greiðslum utan staðgreiðsluskila. Fjárhæðirnar eru þessar:

Greiðslur fyrir heimilisstörf	kr. 130.000
Vinna fyrir húsfélög	kr. 260.000
Reiknuð laun ef um óverulega starfsemi er að ræða	kr. 215.000
Höfundarlaun	kr. 260.000
Endurhæfingarstyrkir á elliheimilum	kr. 260.000

Reglurnar um undanþágur frá staðgreiðslu þ.e. ný 2. grein reglugerðar nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu er birt í heild á bakhlið orðsendingarinnar.

Reglurnar gilda frá þeim launatímabilum sem hefjast 1. júlí 2001 og síðar.

## Greiðslur utan staðgreiðslu.

### 2. gr.

[Eftirtaldar greiðslur falla ekki undir staðgreiðslu:

1. Ökutækjastyrkir sem greiddir eru samkvæmt sundurliðuðum gögnum, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar.
2. Dagpeningar, ferðapeningar og hliðstæður ferða- og dvalarkostnaður sem greiddur er í samræmi við 6. gr. reglugerðar þessarar.
3. Útfararstyrkir frá verkalyðsfélögum.
4. Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launamanni í té.
5. Vinningar í happdrætti, veðmáli og keppni.
6. Risnufé sem greitt er launamanni samkvæmt reikningi frá þriðja aðila sem endurgreiðsla á risnukostnaði launamanns í þágu launagreiðanda. Séu framangreind skilyrði eigi uppfyllt skal reikna staðgreiðslu af greiddu risnufé.
7. Ýmsar launagreiðslur sem eigi tengjast atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi launagreiðanda. Sem dæmi um slíkar greiðslur í einkaþágu greiðanda má nefna greiðslur fyrir hús- og heimilishjálp og svipuð persónubundin störf sem ekki fara fram úr 130.000 kr. samtals á ári. Sama gildir um svipaðar greiðslur óskattskyldra aðila, t.d. húsfélaga, sem ekki fara fram úr 260.000 kr. samtals á ári.
8. Endurgjald sem maður skal reikna sér vegna starfs við sjálfstæða starfsemi sína ef starfsemin er svo óveruleg að reiknuð laun manns vegna slíkrar starfsemi verði eigi hærri, miðað við heilt ár, en 215.000 kr.
9. Reiknuð laun barna, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
10. Greiðslur höfundarlauna til Íslendinga búsettra héraendis er fram fara samkvæmt lögum nr. 73/1972, sbr. 5. gr. laga nr. 45/1987 með síðari breytingum, er ekki fari fram úr 260.000 kr. á ári.
11. Greiðslur til fatlaðra vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar samkv. lögum um málefni fatlaðra.
12. Styrkir til fræðimanna, listamanna og vísindamanna sem veittir eru úr ríkissjóði, opinberum sjóðum, eða af opinberum stofnunum.
13. Verðlaun sem veitt eru í viðurkenningarskyni.
14. Starfsmenntunar- og vísindasjóðsstyrkir stéttarfélaga og annarra félagasamtaka til rannsóknna, þróunarstarfa, endurmenntunar og sambærilegra verkefna.
15. Launatekjur barna hjá sama launagreiðanda að hámarki fjárhæð skv. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.] <sup>1)</sup> <sup>2)</sup>

- 1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 500/2001, sem öðlaðist gildi 1. júlí 2001. Frá og með 1. júlí 2001 eru sjúkradagpeningar og slysadagpeningar frá Tryggingarstofnun og váttryggingarfélögum, sjúkrabætur og verkfallsstyrkir frá verkalyðsfélögum, vasapeninga til vistmanna á elliheimilum og stofnunum, og afhending hlutabréfa staðgreiðsluskyld.
- 2) Greininni hefur verið áður breytt með reglugerð nr. 564/1988, reglugerð nr. 330/1990, reglugerð nr. 70/1991, reglugerð nr. 682/1994, reglugerð nr. 456/1995 og reglugerð nr. 677/1998.